Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2612
komudagur 12.7. 2004

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Evu Margrétar Ævarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. júlí 2004

Efni: Frv. til laga um br. á útvarpsl. og samkeppnisl. (1011. mál)

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Í umsögn Verslunarráðs um fyrra frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum telur VÍ að aðkoma fyrirtækja á ýmsum sviðum geti leitt til meiri fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. VÍ telur ekki rétt að meina fyrirtækjum í annars konar rekstri s.s. dagblaðaútgáfu og fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu þátttöku í útvarpsrekstri. VÍ benti í umsögn sinni á að fjölmörg fyrirtæki gætu talist markaðsráðandi, jafnvel lítil fyrirtæki. Í nýja frumvarpinu er fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu með veltu yfir tveimur milljörðum heimilt að eiga 10% hlut auk þess sem eignarhlutur fyrirtækja í ljósvakafjölmiðli hefur verið rýmkaður í 35%. Telur VÍ það vera skref í rétta átt.

Þrátt fyrir umtalsverðar og jákvæðar breytingar á hinu nýja frumvarpi, telur VÍ frumvarpið ekki til þess fallið að auka fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Samkeppni á fjölmiðlamarkaði verður ekki nægilega tryggð fyrr en ríkið dregur sig úr rekstri á þessu sviði.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigþrúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is